

Tilmæli til ritrýna

Óskað er eftir því að þeir sem taka að sér að ritrýna greinar fyrir *Netlu* fari með handritið sem trúnaðarmál. Full nafnleynd er milli höfunda og ritrýna þannig að höfundar vita ekki hver ritrýnir þeirra grein auk þess sem ritrýnar handrita vita ekki hverjir eru höfundar. Miðað er við að ritrýnar ljúka ritrýni **innan þriggja vikna** frá því að þeim barst handritið.

Við frágang greina er miðað við APA-kerfið og hafa skal í huga að framsetning greina í *Netlu* taki mið af viðteknum venjum um fræðilega framsetningu, vísindaleg vinnubrögð og vandaðan frágang. Eftirfarandi eru veigamikil atriði varðandi frágang og skil handrita.

- Ritrýndar greinar í *Netlu* ættu að vera á bilinu 6 til 10 þúsund orð, að heimildaskrá og íslensku ágripi meðtöldum, en án ágrips á ensku.
- Ritrýndum greinum skal fylgja *600–800 orða ágrip á ensku ásamt heiti greinar á ensku. Ágrip á íslensku* eru styttri eða á bilinu *200–300 orð*.
- Allar greinar skulu vera í sniðmáti *Netlu* sem má sjá hér: [Sniðmát Netlu](#)
- Nánar má finna tilmæli um frágang handrita fyrir höfunda hér http://netla.hi.is/?page_id=3999

Við lestur og mat greinar er æskilegt að hafa eftirfarandi spurningar í huga:

- *Er fyrir sögnin grípandi og lýsandi fyrir inntak greinarinnar?*
- *Er útdráttur skýr þar sem sett er fram sjónarhorn, tilgangur, markmið, rannsóknaraðferð, þátttakendur og meginniðurstöður?*
- *Er samhengi gott og er góð grein gerð fyrir þeim aðferðum sem er beitt?*
- *Bætir greinin við þekkingu á sviðinu?*
- *Er fræðilegt samhengi ýtarlegt þar sem farið er vel og nákvæmlega með heimildir og helstu og nýlegustu heimildir fræðanna nýttar?*
- *Er rannsóknarsniðið sem nýtt er (aðferðafræði og aðferðum við gagnaöflun og greiningu og úrvinnsla gagna) til þess fallið að svara rannsóknarspurningum/tilgátum sem settar voru fram?*
- *Eru niðurstöður trúverðugar og settar fram með tilvísun til gagna?*
- *Eru ályktanir settar fram í röklegu samengi?*
- *Er málfar, framsetning og heimildanotkun góð?*

Í lok rýni skal setja skýrt fram niðurstöðu ritrýninnar, þ.e. í hvern af eftirfarandi flokkum fellur greinin ásamt rökstuðningi.

- Greinina má birta með smávægilegum breytingum.
- Greinina má birta eftir að gerðar hafa verið á henni töluverðar breytingar.
- Greininni er hafnað í núverandi mynd en endurbætta nýja útgáfu af handritinu má senda á ný til ritrýni.
- Greinin er ekki hæf til birtingar og er hafnað.

Það er á höndum ritstjóra að ákveða endanlega í hvaða flokk greinin fer með tilmæli tveggja ritrýna að leiðarljósi.

Gátlisti sem má nýta

	Mjög gott / minni háttar lagfæringar	Mætti gjarnan laga	Þarf að laga	Athugasemdir
Fyrirsögn, er hún grípandi og lýsandi fyrir inntak greinar				

Útdráttur (Sjónarhorn, tilgangur, markmið, rannsóknaraðferð og þátttakendur, meginniðurstöður og lærdómar)				
Samhengi, aðferðir, rannsóknarspurningar				
Bætir greinin við þekkingu á sviðinu?				
Tilgangur og markmið				
Fræðilegt samhengi (ítarleg, nákvæm og nýlegar heimildir)				
Rannsóknarsnið og úrvinnsla gagna (tekur á rannsóknarspurningu, aðferðafræði og aðferðum við gagnaöflun og greiningu gagna).				
Niðurstöður (trúverðugar og settar fram með tilvísun til gagna)				
Ályktanir				
Málfar og framsetning				
Heimildanotkun				
Niðurstaða				